

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Á 135. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var erindið til umræðu og bókað í fundargerð vegna þess. Meðfylgjandi er umsögn svæðisskipulagsnefndar og fylgibréf með bókun fundarins.

Virðingarfyllst f.h. svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.

Ásdís Ólafsdóttir

Höfundur: Ásdís Ólafsdóttir/asdis@ssh.is

Sent inn þann: 19.02.2025, **Fyrir hönd:** Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Málsnr. 2405004/ ÁÓ

Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins
Frá: Ásdísi Ólafsdóttur, svæðisskipulagsstjóra
Efni: Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, tillaga á vinnslustigi vegna rammahluta aðalskipulags. Kársnes Þróunarsvæði (nr. 0580/2024).
Dags: 11. febrúar 2025

Svæðisskipulagsnefnd barst erindi úr Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá Kópavogi, dagsett 16. janúar 2025 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds.

Um tillöguna

Rammahluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 fyrir vestanvert Kársnes nær til þróunarsvæði ÞR-1 ásamt aðliggjandi svæði á vestanverðu Kársnesi. Svæðið er staðsett miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu við fyrirhugaða Borgarlínustöð og Fossvogsbrú. Meginstefna fyrir skipulag svæðisins hefur verið sett fram í aðalskipulag en sú stefna er útfærð nánar í rammahluta aðalskipulags og deiliskipulagsáætlunum.

Borgarlína mun liggja um Bakkabraut og Borgarholtsbraut með stoppistöð við athafnasvæðið á vestanverðu Kársnesi, sem er skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð og lögð áhersla á gönguvænt umhverfi og að svæðið bjóði upp á raunhæft val milli ólíkra ferðamáta.

Með þéttingu byggðar og skipulagi, sem leggur áherslu á vistvæna samgöngumáta, er gert ráð fyrir að dragi hlutfallslega úr bílaumferð. Mikilvægt er að tryggja umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda með hraðalækkandi hönnun.¹

Skipulagshugmynd byggð á fjórum leiðarljósum, er sett fram í rammahluta aðalskipulags svæðisins.



Afmörkun á skipulagssvæði rammahlutans og skilgreindu þróunarsvæði ÞR-1 í aðalskipulagi.

Umsögn og ábendingar

Umrætt svæði er á samgöngu- og þróunarsvæði fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem skilgreindur var með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi árið 2018. Með

¹ Vestanvert Kársnes, Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, tillaga á vinnslustigi. Bls 20

breytingunni voru samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi.

Vinnslutillaga rammahluta aðalskipulags fyrir svæðið, og þéttari blönduð byggð sem lögð er til, er í samræmi við ofangreint.

Svæðisskipulagsnefnd hefur áður skilað umsögn um málið dagsett 3. júní 2024 en skipulagslýsing fyrir rammahluta aðalskipulags var auglýst í maí 2024. Í umsögninni voru teknar saman helstu áherslur sem varða svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 með síðari breytingum ásamt öðrum atriðum sem skipulagsyfirvöld voru hvött til að kynna sér. Einnig var bent á að svæðisskipulagsnefnd og Skipulagsstofnun hafa gefið út leiðbeiningarnar Mannlíf, byggð og bæjarrými: sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur², sem nýst geta við áframhaldandi skipulagsvinnu. Í vinnslutillögunni er vísað í leiðbeiningarnar í umfjöllun um þéttleika byggðar og landnotkun. Í umsögninni nefndarinnar frá júní 2024 segir jafnframt. *Ekki verður séð að skipulagslýsingin gangi gegn markmiðum svæðisskipulags né samgöngusáttmála en bent er á að huga þarf að ýmsum atriðum er varða aðbúnað Borgarlínu og stofnnet hjólandi á deiliskipulagsstigi þegar hönnun og framkvæmdir hefjast.* Þetta á enn við um vinnslutillöguna. Uppfærður samgöngusáttmáli var undirritaður 21. ágúst 2024. Umsögn svæðisskipulagsnefndar (dags. 3. júní 2024) er aftur komið á framfæri og er hún í fylgiskjali.

Virðingarfyllst f. h. svæðisskipulagsnefndar



Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

² <https://island.is/s/skipulagsstofnun/skipulag-og-hoennun-baejarryma>



Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar
Frá: Jón Kjartan Ágústsson
Efni: Kársnes – skipulagslýsing – umsögn - svæðisskipulag
Dags: 3. júní 2024

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar dags. 16. maí 2024 um ofangreint. Um er að ræða skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna nýs rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði ÞR-1 ásamt aðliggjandi svæðis á vestanverðu Kársnesi.

Í fyrirliggjandi umsögn eru teknar saman helstu áherslur sem varða svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 m. síðar breytingum ásamt öðrum atriðum sem skipulagsyfirvöld eru hvött til að kynna sér nánar.



Vinstri: Afmörkun svæðis skv. skipulagslýsingu. Miðja: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 br. 2018. Hægri: Frumdragaskýrsla Borgarlínu – tillaga að legu.

Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var undirritaður 26.09.2019 en nú er unnið að undirbúning þess að uppfæra sáttmálann og gera viðauka við hann en gert er ráð fyrir að slíkur viðauki verði tilbúinn til undirritunar vorið 2024. Skipulagssvæðið nær yfir legu Borgarlínu um Bakkabraut / Borgarholtsbraut sem þarf að taka tillit til við áframhaldandi útfærslu skipulagstillagna.

Stofnstígar hjólréiða – samgöngusáttmáli frh.

Samkvæmt áætlun um forgangsörðun uppbyggingu stofnleiða hjólréiða 2020 – 2033 sem Vegagerðin og samráðshópur sveitarfélaga um uppbyggingu stofnstígs hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið, er gert ráð fyrir lagningu stofnleiðar fyrir hjólandi meðfram Bakkabraut og suður eftir strandlengju Kársnes. Einnig gerir stofnstíganetið ráð fyrir svokallaðri tengileið hjólréiða meðfram Borgarholtsbraut austur til Hamraborgar. Útfærslur hópsins voru leiðbeinandi en koma til útfærslu í skipulagsvinnu sveitarfélagsins




Stofnstíganet höfuðborgarsvæðisins skv. tillögum verkefnahóps.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 m. síðari br.

Skipulagssvæðið er skilgreint sem *samgöngu- og þróunars* samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsákvæði sem varða téð svæði koma helst fram í markmiði 1.2 í svæðisskipulagi, þar sem segir m.a.:



Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngu miðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni og að fyrrgreind svæði verði lykilsvæði fyrir uppbyggingu blandaðrar byggðar, verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni slíkra svæða eins og almenningssamgöngur hafi forgang í gatnakerfi og hágæða umhverfi skuli vera fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sjá. töflu 2 bls. 36, sem sveitarfélögum er ætlað útfæra og afmarka nánar í aðalskipulagi og eftir tilfelli deiliskipulagi. Telja má að framlögð tillaga samræmist ofangreindum markmiðum svæðisskipulags.



Skjáskot úr Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli (2023)

Umsögn

Í fyrirbyggjandi samantekt hefur verið stiklað á stóru á helstu skipulagsákvæðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 og áherslum samgöngusáttmála. Ekki verður séð að framlög skipulagslýsing gangi gegn markmiðum svæðisskipulags né samgöngusáttmála en bent er á að huga þarf að ýmsum atriðum er varða aðbúnað Borgarlínu og stofnnet hjólandi á deiliskipulagsstigi og þegar hönnun og framkvæmdir hefjast

Þá er bent á að svæðisskipulagsnefnd og Skipulagsstofnun hafa gefið út leiðbeiningarnar Mannlíf, byggð og bæjarrými: sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur¹, sem geta nýst við áframhaldandi skipulagsvinnu.

Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

¹ <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/skipulag-og-honnun-baejarryma/>

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar
Berist til: Karlotta Helgadóttir

Reykjavík, 19.2.2025
Málsnr. 2405004
ÁÓ

Efni: Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, tillaga á vinnslustigi vegna rammahluta aðalskipulags. Kársnes Þróunarsvæði (nr. 0580/2024).

Á 135. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins sem fór fram föstudaginn 14. febrúar 2025 var ofangreint til umræðu og bókað í fundargerð vegna þess:

2405004 - KÓP Kársnes - Þróunarsvæði

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Kópavogi dagsett 16. janúar 2025. Í kynningu er breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Samþykkt. Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögn til samræmis við fyrirliggjandi drög.

Tilkynnist ofangreint hér með.

Bent er á að fundargerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu SSH.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins



Ásdís Ólafsdóttir, Svæðisskipulagsstjóri

Meðfylgjandi:

Umsögn – Kóp Kársnes Þróunarsvæði

Fylgiskjal með umsögn – Eldri Umsögn_ssk_Kársnes_3.6.2024